

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

370. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 27.01.2017, kl.10:00.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

**1. Samningur um gámaleigu og flutning úrgangs úr móttökustöð**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 25.1.2017 um verksamning sem í gildi er við Kubbe ehf. Samningurinn rennur út í lok mars en er með ákvæðum um mögulega framlengingu til eins árs. Málið rætt. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að framlengja samninginn um eitt ár. Framkvæmdastjóra einnig falið að hefja undirbúning að nýju útboði sem fari fram á þessu ári og taki tillit til breyttra aðstæðna við tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar. Miðað er við að nýr samningur geti tekið gildi 1. apríl 2018.

**2. Málefni endurvinnslustöðva.**

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna dagsett 23.1.2017 um stöðu og horfur vegna aukins magns, fjölgun heimsókna og áætlana um minni opnunartíma og fækkun starfsfólks. Málið rætt.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dagsett 25.1.2017 vegna ástands starfsmannahúss á Breiðhelli og stöðu stækkunarframkvæmda á Ánanaustum og Bliðubakka í Mosfellsbæ. Árið 2013 var tekið lán til þessara framkvæmda en með ráðdeild hefur tekist að halda kostnaði undir áætlunum og því mögulegt að nýta þá fjármuni sem eftir eru til endurnýjunar á starfsmannahúsi á Breiðhelli. Málið rætt. Stjórn samþykkir að nýta eftirstöðvar lánsins til byggingar starfsmannahúss að Breiðhelli.

**3. Erindi Gámaþjónustunnar vegna plastsöfnunar í Kópavogi.**

Lagt aftur fyrir bréf Gámaþjónustunnar dagsett 16. nóvember 2016 sem kynnt var á stjórnarfundum þann 25. sama mánaðar. Málið rætt og því frestað til næsta fundar.

**4. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar 2016.**

Yfirverkfræðingur og framkvæmdastjóri kynna niðurstöðu húsasorpsrannsóknar sem framkvæmd var í nóvember 2016, bæði á úrgangi úr orkutunnu og gámi á endurvinnslustöðvunum. Málið rætt.

**5. Niðurstöður baggarannsóknar 2016.**

Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður úr rannsókn á innihaldi bagga sem berast á urðunarstaðinn í Álfsnesi. Málið rætt.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SP", "KIAS", "B.H.", and "AST".

**6. Niðurstöður viðhorfskönnunar Gallup**

Deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar og framkvæmdastjóri kynna niðurstöður úr viðhorfskönnun Gallup. Frestað til næsta fundar.

**7. Kynning á rýnifundargerð stjórnenda**

Framkvæmdastjóri fer yfir niðurstöður rýnifundargerðar stjórnenda og efni sem kynnt verður starfsmönnum SORPU bs. á uppskeruhátíð síðar í dag. Frestað til næsta fundar.

**8. Bréf Umhverfisstofnunar dagsett 29. desember 2016.**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar sem sent var öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Umhverfisiráðuneytinu með afriti á SORPU bs. Jafnframt lagt fram bréf framkvæmdastjóra SORPU dagsett 9. janúar 2017 til Umhverfisstofnunar af gefnu tilefni. Einnig kynnt samþykkt bæjarráðs Mosfellsbæjar 12. janúar 2017 þar sem samþykkt var að vísa erindinu til stjórnar SORPU bs. Einnig kynnt bókun bæjarráðs Kópavogs frá 5. Janúar 2017 þar sem samþykkt var að vísa erindinu til stjórnar SORPU bs. Málið rætt.

**9. Notkun metans í almennings samgöngum**

Framkvæmdastjóra falið að kanna hug stjórnar STRÆTÓ á að funda með stjórn SORPU um notkun á metani í almennings samgöngum.

**10. Ráðning skrifstofustjóra**

Framkvæmdastjóri kynnir að gengið hafi verið frá ráðningu Guðrúnar Evu Jóhannesdóttur sem skrifstofustjóra SORPU bs. Guðrún mun hefja störf 1. mars nk. en núverandi skrifstofustjóri lætur af störfum þann 31. mars næstkomandi.

**11. Næsti fundur**

Næsti fundur stjórnar SORPU verður 24. febrúar kl. 10:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 12:00

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Kelbina Þorsteinsdóttir  
Guðrún E.  
Bjarni Torgilsson  
Hallgrímur Tómasson  
Sigríður B. Einarsdóttir  
Rannveig

Bjarni Höfðsson  
Bjarni Höfðsson